

Fundargerð Delta Kappa Gamma, Delta deild 27. janúar 2021 kl. 20.

Fundurinn var með fjarfundabúnaði

Mættar: Sigrún Jóhannesdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Þórunn Reykdal, Jónína Erna Arnardóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Theodóra Þorsteinsdóttir, Valgerður Janusdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Sóley Sigurþórsdóttir, Ásta Egilsdóttir.

Jónína Eiríksdóttir setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Jónína Erna kynnti gest kvöldsins sem var Sigrún Elíasdóttir kölluð Langspil, hún byrjaði að segja frá tilurð viðurnefnisins Langspil. Sigrún er rithöfundur og menntaður sagnfræðingur og menntuð í ritlist. Hún hefur skrifað námsbækur fyrir Menntamálastofnun og skrifað barnabækur.

Sigrún heldur úti hlaðvarpinu Myrka Ísland og með henni í gerð hlaðvarpanna er Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, sem kemur að vinnslunni sem „gestur“. Íslandssagan er uppfyll af óhugnaði sem einkennir efnistökin í hlaðvarpinu s.s. morðmál, hryllingssögur og athyglisverðar og fróðlegar sögur. Í hlaðvarpinu er búið að fara yfir stóra og minni viðburði í Íslandssögunni. Einnig hafa þær fjallað um þjóðsögur. Hlaðvörpin hafa verið sett fram í séríum. Einnig hafa þær verið með hlaðvarp sem heitir „Þjóðlegir þræðir“ þar sem þær fjalla um handverksmenningu.

Sigrún sótti um styrk í þróunarsjóð námsgagna og fékk til þess að vinna efni fyrir elstu bekki grunnskólans og framhaldsskólanemendur.

Hún heldur jafnframt úti facebook síðu sem heitir Myrka Ísland og Instagram og setur inn myndir við hvern þátt. Nú er hún komin í samband við unga stráka sem teikna mynd um inntak efnisins sem hún er að fjalla um. Jafnframt hefur Sigrún fengið styrk til að gera myndskreytta sögustund sem er ný nálgun á efni hlaðvarpsins. Úr er orðin sýning sem verður sett upp m.a. í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi, Bókasafninu á Akranesi, Frystiklefanum á Rífi og væntanlega í Snorrastofu.

Elstu þættir hlaðvarpsins eru vistaðir á Kjarnanum og nýrra efni er á spotify

Formaðurinn þakkaði Sigrúnu athyglisverða umfjöllun á vinnu sinni við hlaðvarpið.

Umfjöllun um bækur undir stjórn Halldóru

Halldóra hafði lagt til á síðasta fundi að fjallað yrði á þessum fundi um tvær bækur;

Gata mæðranna eftir Kristínu Maríu Baldursdóttur

Dauði skógar eftir Jónas Reynir Gunnarsson

Gata mæðranna eftir Kristínu Maríu Baldursdóttur; Sigrún Jóhannsdóttir leiddi okkur inn í efni bókarinnar en hún hafði lesið hana sér til mikillar ánægju. Titill bókarinnar höfðaði til hennar og stóðst bókin þær væntingar sem hún hafði til hennar. Sagan gerist um miðbik sjöundaáratugarins í miðbæ Reykjavíkur. Sigrún gaf okkur góða innsýn í þroskasögu konu sem Sigrún sem hún segir að séu fátíðari en þroskasögur karla.

Dauði skógar eftir Jónas Reynir Gunnarsson, Ásta Egilsdóttir sagði okkur frá efnistöku bókarinnar. Henni fannst erfitt að lesa bókina m.a. vegna þess að höfundurinn fór fram og til baka í söguþræðinum og frásagnarstílinn „ruglingslegur“. Henni fannst bókin engu að síður vel skrifuð, frásögn um mann sem er að leita að ró í lífi sínu og berst frásögnin víða. Ásta velti fyrir sér að lesa bókina aftur og athuga hvort hún hefði meiri ánægju af lestrinum. Mikill húmor er í bókinni og

mikilvægt að lesa hana með þeim augum. Skiptar skoðanir voru meðal þeirra sem lesið höfðu bókina um ágæti hennar.

Halldóra þakkaði Sigrúnu og Ástu fyrir að hafa gefið okkur innsýn í þessar ágætu bækur.

Jónína Erna sagði frá því að þrjár konur úr Delta deild væru tilnefndar í landsstjórnina og eru það þær; Elísabet, Halldóra og Þórunn en Theódóra gaf ekki áfram kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Eftir ánægjulega samveru sleit Jónína Eiríksdóttir fundinum kl. 21:25

Samantekt eftir fund: Valgerður Janusdóttir